

47. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 12. mars 1997, kl. 10.00.

Mættir Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

1. Tillaga að fyrirkomulagi samanburðarúttektar á rekstri og umhverfisáhrifum Sorpstöðvar Suðurlands.

Tillagan er samkvæmt samþykkt stjórnar frá 11. janúar 1996.

Lagt er til að úttektin skiptist í eftirfarandi þætti:

1. **Vinnsla grunnupplýsinga.** Úttekt vegna nýtingar svæðisins og endingartíma miðað við núverandi vinnulag og viðskipti. Verkfræðistofu Suðurlands verði falið að vinna þennan þátt. Skilátími 31. mars n.k.
2. **Vinnubrögð á urðunarsvæðinu.** Birni Jóhanni Björnssyni, verkfræðingi, falin sú úttekt. Jafnframt leggi hann sjálfstætt mat á nýtingu svæðisins og endingartíma miðað við núverandi fyrirkomulag og hugsanlegar breytingar sem kunnar að verða á því. Skilátími 15. apríl n.k.
3. **Umhverfisáhrif.** Hollustuvernd ríkisins gefi umsögn um starfsemi stöðvarinnar. Skilátími 15. apríl n.k.
4. **Lögfræðilegt mat.** Núverandi rekstrarstefna fyrirtækisins metin með hliðsjón af gildandi starfsleyfi og samþykktum stöðvarinnar. Jóni Ólafssyni hrl. verði falið verkið. Skilátími 15. apríl n.k.
5. **Rekstrarhagkvæmni.** Rekstrarlegt mat verði lagt á núverandi stefnu og viðskipti fyrirtækisins að teknu tilliti til úttektar ofangreindra þátta. Talnakönnun hf., verði falið þetta verkefni þegar niðurstöður annarra úttekta liggja fyrir. Skilátími 30. apríl n.k.

Tillagan samþykkt og framkvæmdastjóra falið að hrinda henni í framkvæmd.

2. Erindi Funaplats ehf., sem frestað var á síðasta fundi.

Samþykkt að veita fyrirtækinu styrk allt að kr. 700.000.- á næstu tveimur árum til öflunar hráefnis til endurvinnslu.

Styrkurinn verði greiddur eftir nánara samráð forsvarsmanna fyrirtækisins og stjórnar og framkvæmdastjóra Sorpstöðvarinnar.

3. Pappírssöfnun.

Rætt um undirbúning að fyrirhugaðri söfnun á pappírfernum.
Einnig rætt um hugsanlega útvíkkun pappírssöfnunarinnar.

4. Ákvörðun um aðalfund.

Samþykkt að halda aðalfund Sorpstöðvarinnar 23. maí nk. kl. 15.00.

5. Bréf Sigurðar Þráinssonar, dags. 5. mars sl.

Til kynningar.

6. Önnur mál.

6.a. Samþykkt í tilefni af opnun nýrrar skrifstofuaðstöðu að færa SASS að gjöf búnað í fundarherbergi.

Fundi slitið kl. 11.20.

Karl Björnsson.

Guðmundur Hermannsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Þorvarður Hjaltason.